

## Steinamálun



Við undirbúning á þessu verkefni er skemmtilegt að fara í göngutúr í fjöru og tína fallega steina. Hægt er að mála steinana úti ef veður leyfir.

Efni og áhöld:


föndurmálning fyrir hluti sem geta verið úti jafnt sem inni, pensill, steinar.



1. Skolið steinana og látið þá þorna. Skoðið lögun steinanna því það getur hjálpað til við að fá hugmynd að því hvað þið viljið mála á þá.



2. Stundum er gott að gera fyrst útlínur og mála svo inn í þær eins og á þessum stein með mynd af hjarta. Hversu mikið er málað inn í hjartað fer eftir smekk hvers og eins.



3. Notið hugmyndaflugið við steinamálunina. Góða skemmtun!

